

Alþingi
Erindi nr. Þ 128/288
komudagur 27.11.2002



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Alþingi
Helga E. Þórisdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mrn.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 25. nóvember 2002

Tilvísun: MMR02110073/35.111-8; 01.020/ÁDE/--

Menntamálaráðuneytinu hefur borist til umsagnar tillaga til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl, þskj. 6 - 6. mál.

Menntamálaráðuneytið sendi Ríkisútvarpinu þingsályktunartillöguna til umsagnar og kemur fram í svari þeirra að Ríkisútvarpið hefur verið í viðræðum við erlend gervitunglafyrirtæki um sjónvarps- og útvarpsútsendingar um gervitungl. Á vegum Ríkisútvarpsins er nú unnið að úttekt á því hvernig sjónvarpssendingar RÚV um gervitungl kynnu að nýtast út um landið og á hafsvæðunum umhverfis það. Ríkisútvarpið segist lengi hafa haft áhuga á gervitunglasendingum fyrir dagskrár sínar. Af kostnaðarástæðum hefur enn ekki verið ráðist í þessa þjónustu en hún myndi kosta að lámarki um 30-40 milljónir árlega. Kostnaður við búnað notenda fer að nokkru eftir gæðum hans. Góður móttökudiskur um 1,2 m að stærð ásamt móttakara kostar um 80-90 þús. kr. með aðflutningsgjöldum.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir m.a. "mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum sjónvarps og útvarps". Í upplýsingum frá RÚV kemur fram að útsendingar Sjónvarpsins ná til um 99,8% landsmanna og er það hærra hlutfall en hjá öðrum almannathjónustustöðvum í Evrópu samkvæmt upplýsingum European Broadcasting Union. Í greinargerðinni er einnig sagt að stuttbylgjusendingar hafi verið aflagðar. Stuttbylgjusendingar Útvarpsins hófust á ný fyrir júl á síðasta ári eftir fárra vikna stöðvun og hafa farið fram með óbreyttu sniði það sem af er þessu ári.


Dreifikerfi Útvarpsins nær til 100% landsmanna með FM- og langbylgjusendingum við breytileg móttökuskilyrði. Þeir markhópar sem gervitunglasendingar gætu náð til umfram jarðnetið eru afskekkt býli, sjómenn á hafi úti og Íslendingar erlendis.

Menntamálaráðuneytið tekur undir það sjónarmið sem fram kemur í greinargerð með þingsályktunartillögunni að það er mikið öryggismál að bæta sendingar ljósvakamiðlanna til fiskimiða og farskipaleiða og leita verður allra leiða til að koma sendingum Ríkisútvarpsins til sem flestra Íslendinga. Í umsögn Ríkisútvarpsins kemur fram að þar er þegar verið að kanna kostnað og tæknilega útfærslu á því að senda dagskrár útvarps og

sjónvarps um gervitungl og kostnað við búnað til að taka á móti þessum sendingum.

Hjálagt er afrit af svari Ríkisútvarpsins.

F.h.r.


Karitas H. Gunnarsdóttir


Björg Ellingsen

Markús Örn Antonsson,
útvarpsstjóri.

Reykjavík 18. nóvember 2002.

Málefni: Tillaga til þingsályktunar um útsendingar sjónvarps og útvarps um gervitungl. þskj. 6 – 6. mál. Umsögn.

Ríkisútvarpið hefur verið í viðræðum við erlend gervitunglafyrirtæki um sjónvarps- og útvarpssendingar um gervitungl. Um þessar mundir standa yfir tilraunasendingar frá tveimur gervitunglum á jarðstöðubraut þ.e. frá Thor II á 1° vestlægrar lengdar og á Astra 2D sem er á 28,2 ° austlægrar lengdar. Vegna stöðu sinnar á jarðstöðubraut sjást tunglin mis hátt yfir sjóndeildarhringnum. Af því leiðir að móttökumöguleikar á útsendingum þeirra eru misjafnir en sjónlína þarf að vera frá móttökudiski í gervitunglið. Á vegum Ríkisútvarpsins er nú unnið að úttekt á því hvernig sjónvarpssendingar RÚV um þessi gervitungl kynnu að nýtast út um landið og á hafsvæðunum umhverfis það. Ekki verður unnt að ná til allra byggðra bóla á landinu með sendingum frá einu gervitungli. Niðurstöður athugananna munu liggja fyrir innan fárra vikna.

Ríkisútvarpið hefur lengi haft áhuga á gervitunglasendingum fyrir dagskrár sínar. Af kostnaðarástæðum hefur enn ekki verið ráðist í þessa þjónustu en hún mun kosta að lágmarki um 30-40 milljónir árlega. Kostnaðurinn ræðst að hluta til af gæðum sjónvarpsmyndarinnar sem send er út. Kostnaður við búnað notenda fer einnig að nokkru eftir gæðum hans. Góður móttökudiskur um 1,2 m að stærð ásamt móttakara kostar um 80-90 þúsund krónur með aðflutningsgjöldum.

Í greinargerð þingsályktunartillögunnar segir m.a: “mörg þúsund Íslendingar búa við þau skilyrði að hafa lélegan eða engan aðgang að útsendingum sjónvarps og útvarps”. Útsendingar Sjónvarpsins ná til um 99,8% landsmanna og er það hærra hlutfall en hjá öðrum almannathjónustustöðvum í Evrópu samkvæmt upplýsingum European Broadcasting Union. Dreifikerfi Útvarpsins nær til 100% landsmanna með FM- og langbylgjusendingum við breytileg móttökuskilyrði. Þeir markhópar sem gervitunglasendingar gætu náð til umfram jarðnetið eru afskekkt býli, sjómenn á hafi úti og Íslendingar erlendis. Dreifikerfi Ríkisútvarpsins hefur verið byggt upp til að ná til byggðra bóla með fasta búsetu árið um kring. Dreifikerfi Sjónvarpsins hefur að litlu leyti verið hugsað fyrir miðin umhverfis landið en með byggingu langbylgjusstöðva Útvarpsins voru sjófarendur mjög mikilvægur markhópur. Engar breytingar hafa verið gerðar til að draga úr sendingum Sjónvarpsins á haf út.

Í greinargerðinni er einnig sagt að stuttbylgjusendingar hafi verið aflagðar. Stuttbylgjusendingar Útvarpsins hófust á ný fyrir júl á síðasta ári eftir fárra vikna stöðvun og hafa farið fram með óbreyttu sniði það sem af er þessu ári.

Með kveðju,



Eyjólfur Valdimarsson,
forstöðumaður þróunarsviðs.